

8. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands haldinn fimmtudaginn 2. desember 2010 á skrifstofu sambandsins í Laugardal. Fundurinn hófst kl. 17.00

Mætt: Sigurjón, Kári, Birgir og Gry. Guðjón tók þátt í hluta af fundinum gegnum síma. Auðunn boðaðið forföll.

Þetta gerðist:

1. fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. val á íþróttamanni og –konu ársins.  
Stjórnin ákvað að tilnefna Auðunn Jónsson, Breiðablik og Maríu Guðsteinsdóttur, Ármanni íþróttamann og –konu ársins.  
**Aðgerð:** **Gry** sér um framkvæmd gagnvart þeim og ÍSí.
3. Umsóknir um styrki úr sjóðum ÍSí  
Umsóknarfrestur er 10. desember.  
**Aðgerð:** **Kári** er með málið og sér til þess að sótt verður um styrki í okkar verkefni.
4. Þátttaka landsliða á alþjóðamótum 2011.  
Ákveðið að stefna að þátttöku Íslands á mótum í öllum aldursflokkum á árinu.  
**Aðgerð:** landsliðsnefndin lýsir eftir áhuga hjá keppendum og setur upp plan um þátttöku.  
Leitað verður eftir aðila sem vill taka að sér utanumhald um landslið öldunga.
5. Ársþing KRAFT 2011.  
Ákveðið var að halda þingið í tengslum við Íslandsmótið í bekkpressu 29. janúar á Akranesi.  
Þingið hefst kl. 17.00. Á þinginu verða afhent verðlaun til heiðurs Kraftlyftingafélags ársins 2010 og til kraftlyftingamanns og –konu ársins.  
**Aðgerð:** **Gry** auglýsir dagsetningu á kraft.is og byrjar að undirbúa þingstörfin.  
**Birgir** útvegar heiðursverðlaunin.
6. Formannafundur.  
Ákveðið var að boða til fundar með formönnum félaga í upphafi árs, t.d. 5 eða 6. janúar  
**Aðgerð:** **Sigurjón** hefur samband við formenn og finnur heppilega dagsetningu.
7. Íslandsmótið í réttstöðulyftu  
Stjórn KRAFT mun aðstoða hinn nýstofnuðu kraftlyftingadeild UMF Selfoss með framkvæmd mótsins. Enn á eftir að ganga frá nokkrum atriðum. Ákveðið var að fylgja eftir ákvæðið í reglugerð um að aðgengi að upphitunar- og keppnissvæði takmarkist við fyrirfram skráða aðila.  
**Aðgerð:** **Sigurjón, Guðjón og Birgir** fara á Selfoss og aðstoða við að setja upp mótið.  
**Gry** útbýr öll skjöl og aðgangsmarki fyrir keppendur og aðstoðarmenn.

8. Skráning í Felix.  
Upplýst var á nú á að vera búið að skrá alla félagsmenn.
9. Starfsskýrslur og ársreikningar félaga.  
Þessi gögn eiga að liggja fyrir á kraftlyftingaþingi í janúar.  
**Aðgerð:** **Gry** athugar með skilafresti og leiðbeiningar um þessi gögn og upplýsir félögin.
10. Breytingar á reglugerðum.  
Fram komu tillögur um breytingar á reglugerðum. Ákveðið var að bíða með þær að sinni og taka þær fyrir á þingi í janúar.
11. Samstarf við kraftlyftingafélög í Noregi.  
Ákveðið var að leita samstarfs við norsk félög um þátttöku íslenskra unglunga á æfingarmótum þeirra.  
**Aðgerð:** **Gry** vinnur með málið og kynnir niðurstöður á næsta fundi.
12. Auglýsingar.  
Ákveðið var að láta útbúa stórt baktjald til að hafa á pallinum á mótum KRAFT. Á tjaldinu má gera ráð fyrir auglýsingum styrktaraðila  
**Aðgerð:** **Guðjóni** falið að kanna málið
13. Önnur mál
  - ákveðið var að útbúa heiðursskjal handa Herði Magnússyni í tilefni af fimmtugsafmæli hans.  
**Aðgerð:** **Birgir** tekur það að sér.
  - goodlift kerfið er komið til landsins. Um leið og greiðsla hefur gengið í gegn fáum við aðgangsslykil og getum tekið það í notkun.  
**Aðgerð:** **Kári** er með málið
  - rætt um styrk til Guðjóns Hafliðasonar vegna þjálfaramenntunnar hans  
**Aðgerð:** **Birgir** kannar áhuga hans og málið verður skoðað í framhaldi
  - tvö agamál hafa komið upp, eitt í tengslum við hegðun keppenda á nýafstöðnu bikarmóti, annað í tengslum við einstakling innan sambandsins.  
**Aðgerð:** **Sigurjóni** falið að taka á málin

Ekkert fleira gert.